

Tæplega 51% fækkun rúma á geðsviði LSH



Rúmum hefur fækkað á geðsviði. mbl.is/Ómar

Landssamtökin Geðhjálp hafa sent frá sér tilkynningu þar sem þau skora á Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra að gera Landspítala kleift að taka við sívaxandi hópi notenda og veita honum fyrsta flokks þjónustu og stuðning til að ná bata og aðlagast samfélaginu á nýjan leik að loknum veikindum.

Jafnframt verði tekið mið af vaxandi þörf fyrir þjónustu geðsviðs við hönnun nýs spítala. Einnig að þjónusta heilsugæslustöðva verði eflað í því skyni að tryggja að komið verði til móts við vanda fólks strax á fyrstu stigum. Önnur úrræði verði styrkt

til að styðja við bata viðkomandi einstaklinga að lokinni útskrift á spítalanum.

Þá er í tilkynningunni vakin athygli á fækkun rúma á geðsviði og slæmum samanburði við aðrar Norðurlandabjóðir.

http://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/11/09/taeplega_51_prosent_faekkun_ruma_a_gedsvidi/